




Afstöðumynd 1:500

Ármúli 34
Landnr: L103810
Staðgreinir : 1293203
Staðf.nr. : STF1001384
Lóðarstærð: 1406,0m2

Ármúli 34 er upphaflega hannað árið 1959 af Sigurði Þormari og Ólafi Gutormssyni arkitektum. Byggingin er 3.hæðir án kjallara. Byggingin er staðsteypt, einangruð að innan og með hefðbundnu báruklæddu sperrubaki með einangrun á milli sperra. Árið 2021 voru samþykktir aðaluppdrættir frá Jóni M. Halldórssyni þar sem sótt var um breytingu á rekstri húsnæðis á 2 og 3 hæð. Þar sem áður var dagvistun ellilífeyrisþega var breytt í gististað í flokki II, Gististaður án veitinga. Tegund b. Stærra gistiheimili.

Nú er sótt um leyfi til að nýta 2 og 3 hæð undir Konukot og Tímabundna búsetu. Eldvarnir eru óbreyttar frá fyrri notkun húss. (Sjá fylgigögn aðaluppdráttar)

Nánari lýsing:

1.hæð:
Sameiginlegur inngangur er fyrir umrædd úrræði og verður sá inngangur vaktaður og aðgangsstýrður fyrir úrræðið.

2.hæð:
Konukot
Í Konukoti er grunnþörfum kvenna sem þangað leita sinnt hvað varðar húsnæði, hreinlæti og mat. Neyðarskýlið er opið frá kl. **17:00** til kl. **10:00** næsta dag og er fjöldi kvenna sem sækir úrræðið að jafnaði um **8** talsins en geta þegar mest er verið allt að **12**. Fjöldi starfsmanna eru 2 og er vakt allan sólahringinn. Starfsemin flokkast undir notkunarflokk 4, skv. byggingarreglugerð gr. 9.1.3 m.d.

Boðið er upp á heita kvöldmáltíð og léttan morgunverð. Matur er ekki framreiddur á staðnum heldur er maturinn aðsendur á bökkum.

Starfsmannaaðstaða, salerni starfsmanna og ræstikompa eru staðsett á hæðinni, sjá teikningar.

Mikilvægt er að starfsmenn hafi viðbragðsáætlun, sem felur í sér móttöku slökkviliðs, hún skal unnin í samráði við brunahönnuð og/ eða slökkvilið og skal æfð minnst árlega.

3.hæð:
Tímabundin búseta
Sérstakt tímabundið húsnæði er tímabundið leiguhúsnæði sem ætlað er sérstaklega fyrir skilgreinda hópa og þar sem boðið er upp á sérstakan stuðning. Með búsetu í sérstöku tímabundnu húsnæði er unnið að því að undirbúa leigutaka fyrir sjálfstæða búsetu, annað hvort á almennum leigumarkaði eða í félagslegu leiguhúsnæði.

Tímabundin búseta á 3.hæð er úrræði fyrir 6 konur sem eru að að reyna að koma undir sér fótunum eftir langvarandi heimilisleysi. Þær fá herbergi til leigu ásamt stuðningi og ráðgjöf varðandi sjálfstæða búsetu. Umsækjendur um sérstakt tímabundið húsnæði þurfa að hafa vilja og getu til að fylgja húsreglum og búa í nánu samneyti við aðra íbúa. Með búsetu getur einnig verið unnið að því að koma íbúa úr tilteknum aðstæðum.

Úrræðið er opið fyrir leigjendur allan sólarhringinn. Fjöldi starfsmanna á vakt eru 2 og er vakt allan sólahringinn.


Boðið er upp á heita kvöldmáltíð og léttan morgunverð. Matur er ekki framreiddur á staðnum heldur er maturinn aðsendur á bökkum.

Starfsmannaaðstaða, salerni starfsmanna og ræstikompa eru staðsett á hæðinni, sjá teikningar.

Mikilvægt er að starfsmenn hafi viðbragðsáætlun, sem felur í sér móttöku slökkviliðs, hún skal unnin í samráði við brunahönnuð og/ eða slökkvilið og skal æfð minnst árlega.

Sorpgeymsla er sameiginleg með húsinu á lóð.

Engin breyting er á stærð hússins, hvorki í rúmmáli né flatarmáli.



Stuðst er við teikningar
Jóns M. Halldórssonar frá árinu 2019

Skýringar:			
	Steypa	GN	Gólfniðurfall
	Léttur veggur	LR	Loftræsing
	Útgangur	K	Kæliskápur
	Handslökkvitæki	RV	Ræstivaskur
	Stjórnstöð brunakerfis	HL	Handlaug
	Neyðarlýsing og útljós	EV	Eldhúsvaskur
	Reykaskynjari		



Breyting	Dags. Br.

Ármúli 34 Konukot

Verkhliuti	Verk.nr.	00B29
Aðaluppdráttur	Dags.	24.01.2025
Afstöðumynd, byggingarlýsing	Mkv.	A2 1:500

NOLAND

www.noland.is
Laugavegur 178, Reykjavík 105, Ísland
Bjarni Þorsteinsson arkitekt
Gunnar Logi Gunnarsson arkitekt
Sími:
Netfang:



Stuðst er við teikningar
Jóns M. Halldórssonar frá árinu 2019

Skýringar:

- | | | | |
|---|------------------------|----|---------------|
|  | Steypa | GN | Gólfniðurfall |
|  | Léttur veggur | LR | Loftræsing |
| ÚT | Útgangur | K | Kælskápur |
|  | Handslökkvitæki | RV | Ræstivaskur |
|  | Stjórnstöð brunakerfis | HL | Handlaug |
| NL | Neyðarlýsing og útljós | EV | Eldhúsvaskur |
|  | Reykskynjari | | |

Breyting	Dags.	Br.

Ármúli 34
Konukot

Verkhnuti	Verk.nr.	00B29
Aðaluppdráttur		
Grunnmynd 2 og 3 hæðar	Dags.	24.01.2025
	Mkv.	A2 '1:100

NOLAND

www.noland.is
Laugavegur 178, Reykjavík 105, Ísland
Bjarni Þorsteinsson arkitekt
Gunnar Logi Gunnarsson arkitekt
Sími:
Netfang:

Ágúst Ólafsson

Umsögn birt **24.03.2025**

- [PDF](#)

[0. Bréf v. athugasemdir.pdf](#)

- [PDF](#)

[1. Svarbréf borgarinnar við fyrirspurn VEL24040037.pdf](#)

- [PDF](#)

[2. Viðtal við Kristínu I. Pálsdóttur talskonu Rótarinnar sem rekur Konukot.pdf](#)

- [PDF](#)

[3. Kolbrún Kolbeinsdóttir kynjafræðingur.pdf](#)

2

Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi
Bt. Sigríður Maack

Reykjavík 24.03.2025

Efni: Athugasemdir á grundvelli 2. mgr. 44. gr. laga nr. 123/2010, vegna tillögu um að innrétta og nýta húsnæði við Ármúla 34, 108 Reykjavík fyrir starfsemi Konukots.

Til stofunnar hefur leitað félagið Krosshólmi ehf., kt. 600815-1560, eigandi fasteignar við Ármúla 32, 108 Reykjavík vegna fyrirhugaðrar nýtingar á húsnæði við Ármúla 34. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 13.02.2025 var lögð fram tillaga um að innrétta „Konukot“ fyrir 12 skjólstæðinga á 2. hæð og tímabundið búsetuúrræði fyrir 6 skjólstæðinga á 3. hæð í húsi á lóð nr. 34 við Ármúla, samkvæmt uppdráttum Noland arkitekta, dags. 24.01.2025.

Umbjóðandi minn mótmælir því með öllu að húsnæðið við Ármúla 34 verði notað fyrir slíkan rekstur. Í húsnæði umbjóðanda míns við Ármúla 32 er rekin rannsóknarstofa í fremstu röð og allt í kringum húsnæðið við Ármúla 34 eru fleiri fyrirtæki en rekið er í húsnæði umbjóðanda míns, sem eiga einnig enga samleið með þeim rekstri sem konukot rekur. Það að setja konur í svo viðkvæmri stöðu í miðja götu þar sem verslun og léttur iðnaður er til staðar er fráleit hugmynd.

Vitað er að konurnar sem nýta sér úrræðið sem Konukot hefur upp á að bjóða hafa flestar átt erfiða æsku, hafi orðið fyrir áföllum í lífinu og margar þeirra eiga einnig við geðræn vandamál að stríða. Bakland kvennanna er lélegt og flestar þeirra neyta áfengis- og/eða vímuefna, því er fyrirséð að rekstur Konukots mun hafa slæmar afleiðingar fyrir þann rekstur og þá þjónustu sem er til staðar í nálægð við Ármúla 34.

Þann 13. maí 2024 byggði Reykjavíkurborg svar sitt við við fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata um húsnæði fyrir starfsemi Konukots m.a. á því að *“Varðandi staðsetningu neyðarskýla þá er æskilegt að ásýnd á viðkvæma starfsemi sé sem minnst. Núverandi húsnæði er illa farið og framtíðarskipulagið á svæðinu er mjög umfangsmikið, þar sem áætluð er mikil uppbygging og að miðstöð borgarlínu verði á svæðinu. Því var óskað eftir að eignaskrifstofa FAS leitaði áfram að nýju húsnæði fyrir Konukot”* sjá í þessu sambandi fylgiskjal nr. 1.

Umbjóðandi minn telur ljóst að sömu rök eiga við hér þ.e. um er að ræða óhentugt húsnæði í Ármúla, Ármúli er ein af aðal verslunar og þjónustugötum borgarinnar með öllu tilheyrandi og

LAGARÖK

LÖGMANNSSTOFA

framtidarskipulagið á svæðinu er einnig mjög umfangsmikið, þar sem áætluð er mikil uppbygging og að miðstöð borgarlínu verði á svæðinu.

Í tilvísuðu svarbréfi borgarinnar frá 13 maí 2024, kom fram varðandi húsnæði sem var til skoðunar á Sóleyjargötu, þar sem metnir voru kostir og gallar við húsnæðið. „Niðurstaðan var að leita að öðru húsnæði sem gæti hentað starfseminni betur, þar sem aðgengi fatlaðra var ekki til staðar, en skilyrði fyrir starfsleyfi er að kröfum um aðgengi fatlaðra sé fullnægt“

Jafnframt kom fram varðandi húsnæði að Hverfisgötu sem ekki var talið henta „m.a. vegna rakaskemmda, aðkomu sjúkra- og lögreglubíla, og bílastæði fyrir hreyfihamlaða sem ekki er unnt að uppfylla“

Umbjóðandi minn telur ljóst að sömu rök eiga við hér þ.e. varðandi aðgengi fatlaðra, aðkomu sjúkra- og lögreglubíla, og bílastæði fyrir hreyfihamlaða, eins hefur það heyrst að í húsinu hafi verið raki enda um gamalt húsnæði að ræða. Umbjóðandi minn telur að niðurstaða í meðfylgjandi svarbréfi borgarinnar frá 13. maí 2024 eigi vel við hér þ.e. að borgin seigi að sýna konum í veikri stöðu þá virðingu að finna húsnæði sem væri gistiheimili eða sambærilegt þar sem klósett og baðaðstaða er privat og umhverfi í kring sé hentugt, en ekki ein aðal verslunargata borgarinnar. Ljóst er að umrætt húsnæði í Ármúla uppfyllir með engu mikilvægi staðsetningar og þær lágmarkskröfur sem gerðar eru fyrir rekstur sem þennan.

Þann 5. mars 2025 var tekið viðtal við Kristínu I. Pálsdóttur talskonu Rótarinnar sem rekur Konukot, hún tekur m.a. fram að „Miðað við stöðu kvennanna blasir þó við að Ármúli er ekki óskahúsnæði fyrir þær sem þurfa að dvelja þar í neyð sinni. Á jarðhæð hússins er núna teppahreinsun, hamborgarasjoppa og barnafataverslun. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur samþykkti að grenndarkynning væri fram fyrir húsráðendum þar og einnig í Ármúla 32, 36 og Síðumúla 19. Hún stendur yfir og lýkur 25. mars. Sex fyrirtæki eru skráð á ja.is við Ármúla 32, tólf við götunúmer 36 og tvö við Síðumúlan, svo umferðin er mikil.“ sjá í þessu sambandi fylgiskjal nr. 2. Umbjóðandi minn tekur undir það að húsnæðið henti með engu fyrir rekstur eins og Konukot með tilheyrandi nálægð við viðkvæman rekstur og þar sem umferð er mikil .

Kolbrún Kolbeinsdóttir kynjafræðingur birti ágæta MA ritgerðin sína „Eini staðurinn í samfélaginu þar sem ekki er horft niður á þig“: Reynsla kvenna af Konukoti. Hún mætti í Rauða borðið þann 28. febrúar þar sem hún sagði frá niðurstöðum sínum, þar kom m.a. fram að Það vekur athygli að á meðan á heimsfaraldrinum stóð var leigt hótél fyrir konurnar sem þá voru í Konukoti þar sem aðstæður voru mun betri. Klósett og baðaðstaða var privat auk einstaklingsherbergja svo konur fengu það næði sem þær þurftu. Í kjölfarið voru þeim einnig veitt varanleg búsetuúrræði. Þær konur hafa ekki þurft að snúa aftur í konukot. Sjá í þessu sambandi fylgiskjal nr. 3.

Húsnæðið í Ármúla 34 er með engu hentugt húsnæði, húsnæðið hefur ekki klósett og baðaðstöðu privat og staðsetning er fráleit. Ljóst er að húsnæðið uppfyllir ekki þær kröfur sem

LAGARÖK


LÖGMANNSSTOFA

gerðar eru fyrir rekstur sem þennan, í gögnum kemur fram að starfsemin flokkist undir notkunarflokk 4, skv. byggingarreglugerð gr. 9.1.3 m.d. Í byggingarreglugerð nr.112/2012 kemur fram í tilvitnuðu ákvæði að einstaklingar sem hér um ræðir geti sofið, þekkt flóttaleiðir og bjargað sér út ef eldur kemur upp í húsnæðinu. Ekki er hægt að sjá að þessir einstaklingar sem hér um ræðir geti bjargað sér ef bruna ber að garði þar sem konurnar í Konukoti eru langt leiddar í fíkniefnaneyslu og eru ekki í andlegu jafnvægi.

Einnig skal á það bent að einungis eru 12 metrar frá inngangi rannsóknarstofu Sameindar, sem Krosshólmi leigir út og fyrirhuguðum inngangi inn á Konukot. Að heimila starfsemi Konukots svo nálægt heilbrigðistengdri starfsemi er er með engu forsvaranlegt og gæti haft áhrif á starfsleyfi Sameindar þar sem m.a. er gerð er krafa um gott aðgengi bæði fyrir fatlaða og aldraða af hálfu Heilbrigðisráðuneytisins. Einnig má benda á að ekki getur talist heppilegt að hafa athvarf fyrir einstaklinga með alvarlegan áfengisvanda við hlið rannsóknarstofu sem er að vinna mikið með etanól (alkóhól) og önnur lífræn leysiefni.

Mikilvægt er að horfa til þess sem mestu máli skiptir þ.e. að skjólstæðingar hjá Konukoti fái bata, það eru einnig hagsmunir samfélagsins því með því sparast miklir fjármunir. Það að koma konum í svo viðkvæmri stöðu fyrir í einni aðal götu borgarinnar fyrir verslun og þjónustu er fráleit hugmynd, fyrirséð er að slíkt myndi koma mikið niður á þeim rekstri sem þar er fyrir.

Virðingarfyllst,



Agust Ólafsson, lögmaður.



Reykjavík, 13. maí 2024

VEL24040037

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Svar við fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata um húsnæði fyrir starfsemi Konukots*

Þann 17. apríl 2024 lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um húsnæði fyrir starfsemi Konukots:

Meirihlutinn óskar eftir því að velferðarsvið greini frá því hvers vegna ekki hefur enn komið tillaga frá sviðinu um annað og hentugra húsnæði undir starfsemi Konukots í samræmi við bókun meirihlutans frá 5. október 2022. Þá er einnig óskað eftir því að velferðarsvið greini frá stöðu málsins á næsta fundi.

Svar:

Velferðarsvið hefur unnið að verkefninu með umhverfis- og skipulagssviði, Kanon arkitektum og eignaskrifstofu fjármála- og áhættustýringasviðs (FAS), sem hefur umsjón með leit að heppilegu húsnæði. Unnin var þarfagreining fyrir starfsemi Konukots, neyðarskýli og neyðarhúsnæði fyrir konur sem kynnt var í velferðarráði í febrúar 2023. Ennfremur unnu Kanon arkitektar forhönnunarskýrslu - forsendur og frumhönnun, sem lagði til mögulegar leiðir við uppbyggingu á húsnæðinu að Eskihlíð 2-4. Í lok október var ákveðið að byggja ekki upp húsnæðið að Eskihlíð 2-4 og leita þess í stað að hentugu húsnæði fyrir starfseminu. Ýmiss konar húsnæði hefur verið skoðað en leit stendur enn yfir. Fjárfestingarheimild velferðarsviðs 2024 er 25 m.kr. vegna endurbyggingar eða stækkunar Konukots, en var á árinu 2021-2031 450 m.kr.

Tímalína verkefnisins í grófum dráttum:

September 2022 - febrúar 2023

Unnin var þarfagreining af USK fyrir *neyðarskýli og neyðarhúsnæði fyrir konur* sem kynnt var velferðarráði 1. febrúar 2023. Sjá meðfylgjandi skýrslu.

Nóvember 2022 - júní 2023

Gerð var skýrsla af Kanon arkitektum um framtíð *Konukots*, *neyðarskýli og neyðarhúsnæði fyrir konur* sem var skilað til velferðarsviðs í júní 2023. Sjá meðfylgjandi skýrslu.

Í skýrslunni voru lagðar voru til fjórar leiðir og mælti verkefnahópurinn með leið 4. Leið 4 gekk út á að rífa fjósið og hlöðuna og byggja nýja byggingu í þeirra stað, þar sem á neðri hæðinni yrði gistiskýli og á efri hæðinni tímabundið húsnæði. Nýja byggingin yrði tengd gamla steinhúsinu með tengibyggingu ásamt starfsmannaaðstöðu í steinhúsinu. Áætlaður kostnaður var 832 m.kr. Eftir viðræður við eignaskrifstofu FAS kom í ljós að verkefnið væri of dýrt og of flókið þar sem þyrfti að fara í vinnu m.a. við deiliskipulag þar



Reykjavík



sem húsin eru friðuð og framkvæmdir framundan við Landsspítalann, Miklubraut í stökk, umferðarmiðstöð á svæðinu ásamt því sem nágrannar gætu haft áhrif á verkefnið. Við þetta bættist svo framtíðarskipulag svæðisins, sbr. það sem kemur fram hér aðeins neðar.

Einnig var á tímabilinu skoðað húsnæði t.d. að Drápuhlíð, Sunnuvegi og Sóleyjargötu sem ekki var talið henta starfseminni.

Október 2023

Framtíðarskipulag svæðisins í kring um Konukot var skoðað og þar kemur fram að blokkir munu umlykja Konukot og yrði húsið miðdepill svæðisins. Varðandi staðsetningu neyðarskýla þá er æskilegt að ásýnd á viðkvæma starfsemi sé sem minnst. Núverandi húsnæði er illa farið og framtíðarskipulagið á svæðinu er mjög umfangsmikið, þar sem áætluð er mikil uppbygging og að miðstöð borgarlínu verði á svæðinu. Því var óskað eftir að eignaskrifstofa FAS leitaði áfram að nýju húsnæði fyrir Konukot.

Nóvember 2023

Velferðarsvið fór yfir húsnæði á Sóleyjargötu þar sem metnir voru kostir og gallar við húsnæðið. Niðurstaðan var að leita að öðru húsnæði sem gæti hentað starfseminni betur, þar sem aðgengi fatlaðra var ekki til staðar, en skilyrði fyrir starfsleyfi er að kröfum um aðgengi fatlaðra sé fullnægt.

Janúar 2024

Farið var í smávægilegar lagfæringar innanhúss á Konukoti. Loftræsting á salerni á neðri hæð var löguð og eldhúsinnrétting lagfærð. Ef fara á í frekari framkvæmdir þá þýðir það mjög mikið inngrip í húsið sem er friðað og mun það verða kostnaðarsamt og líklega yrði ekki unnt að vera í húsinu á meðan. (Samkvæmt meðfylgjandi minnisblaði sem unnið var á umhverfis- og skipulagssviði 2020 var húsið ástandsskoðað, lagðar til tillögur til úrbóta og gróf kostnaðaráætlun gerð varðandi ytra byrði hússins að upphæð rúmlega 43 m.kr.).

Skoðaður möguleiki á að kaupa húsnæði í Sóltúni, en ekki reyndist unnt að kaupa það.

Mars 2024

Skoðun húsnæðis að Hverfisgötu, en húsnæðið ekki talið henta m.a. vegna rakaskemmda, aðkomu sjúkra- og lögreglubíla, og bílastæði fyrir hreyfihamlaða sem ekki er unnt að uppfylla. Einnig er húsnæðið of stórt fyrir starfsemina með tilheyrandi leiguverði.

Apríl 2024

Skoðun húsnæðis í Öskjuhlíð, og húsnæðið talið henta starfseminni með lágmarks breytingum. Málið var tekið áfram og þar var niðurstaðan að leiguverð yrði of hátt.

Maí 2024

Fyrirhugað er að velferðarsvið, eignaskrifstofa og Rótin fundi og ræði saman um næstu skref, líklega þarf að leita að gistiheimili eða sambærilegu.



Reykjavík



Reykjavíkurborg



Konukot verði í Ármúla til bráðabirgða en finna þarf framtíðarstað

Nýtt húsnæði fyrir Konukot er í grenndarkynningu við Ármúla í Reykjavík. Það yrði til bráðabirgða segir talskona Rótarinnar sem rekur Konukot.

Linda H Blöndal Hrafnkelsdóttir
5. mars 2025 kl. 17:56



Kristín I. Pálsdóttir talskona Rótarinnar sem rekur Konukot í Eskihlíð
– Mynd/Dagur Gunnarsson/samsett

Húsið er við Ármúla 34 og á þremur hæðum, jarðhæð og tveimur hæðum. Önnur og þriðja hæð yrðu teknar frá fyrir konurnar en þar var áður gistiheimili og innréttingar því til staðar. Þriðja hæðin yrði sólarhrings gisting fyrir sex konur sem Reykjavíkurborg ræki en önnur hæðin yrði opin fyrir tólf konur frá fimm síðdegis til tíu á morgnana, eins og opnunartími Konukots er núna og sú hæð yrði á ábyrgð Rótarinnar sem rekur Konukot núna.

Húsið við Ármúla er stærra en gamla húsið í Eskihlíð þar sem Konukot er núna en það er friðaður gamall steinbær og Reykjavíkurborg leggur ekki í kostnað að gera það upp.



Konukot er núna í Eskihlíð, Reykjavík
RÚV / Víðir Hólm Ólafsson

Kristín I Pálsdóttir er framkvæmdastjóri Rótarinnar. Öryggi er mikilvægast fyrir þennan hóp.

„Því oft eru þessar konur að flýja einhvers konar valdbeitingu,“ segir Kristín og segir þetta þann kost sem Reykjavíkurborg hafði til takst eftir langa leit.

Miðað við stöðu kvennanna blasir þó við að Ármúli er ekki óskahúsnaði fyrir þær sem þurfa að dvelja þar í neyð sinni.

Á jarðhæð hússins er núna teppahreinsun, hamborgarasjoppa og barnafataverslun. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur samþykkti að grenndarkynning væri fram fyrir húsráðendum þar og einnig í Ármúla 32, 36 og Síðumúla 19. Hún stendur yfir og lýkur 25.mars. Sex fyrirtæki eru skráð á ja.is við Ármúla 32, tólf við götunúmer 36 og tvö við Síðumúlann, svo umferðin er mikil.

“ *Stefnan er að finna varanlegan stað*

Kristín segir núverandi staðsetninguna við Eskihlíð þó miklu betri og Konukot í Ármúla - ef af verður - sé bara hugsað sem tímabundin lausn. Milli níu og tíu konur eru hvern sólarhring í

Konukoti og meira en helmingur á við fíknivanda að stríða.

„Við höfum verið mjög ánægðar með staðsetninguna á Konukoti, hún er mjög góð eins og hún er en það er húsnæðið sem er bara úr sér gengið. Stefnan er að finna varanlegan stað, sá staður sem er núna til umræðu yrði þá til bráðabirgða.“



Rúv/Bragi Valgeirsson

Ármúli 34 þar sem grenndarkynning fer fram í nágrenninu vegna mögulegrar opunar Konukots í húsinu. Ekkert hefur verið ákveðið hvort starfsemin fari þangað tímabundið.

Konukot

Reykjavíkurborg



Fleiri innlendar fréttir →



Norðurland

**Sameina heilsugæslustöðvar í Fjalla-
byggð og á Dalvík**



Dómstólar

**Landsréttur staðfesti dóm yfir manni
sem stakk höfði fyrrverandi kærustu
í læk**



Stjórnsmál

**Ráðherrar gefa ekki kost á viðtali
vegna afsagnar Ásthildar Lóu**



Stjórnsmál

**Barnamálaráðherra átti barn með
unglingspilti sem hún kynntist í trúar-
söfnuði**

Aðrir eru að lesa

Velferðarmál

**Hryggbrotnaði þegar hún fór út um
glugga meðferðardeildar fyrir börn**



Matur

**Síðasta hveitikornið malað á Íslandi:
„Fæðuöryggi þjóðarinnar minnkar“**



Stjórnsmál

**Ásthildur Lóa segir af sér ráðherra-
embætti**



Peningar

**Fyrirkomulag frestunar á lífeyris-
greiðslum tekur breytingum**

1

Stjórnmal**Barnamálaráðherra átti barn með unglingspilti sem hún kynntist í trúarsöfnuði**

2

Stjórnmal**Ásthildur Lóa segir af sér ráðherraembætti**

3

Stjórnmal**Ráðherrar gefa ekki kost á viðtali vegna afsagnar Ásthildar Lóu**

4

Innrás í Úkraínu**Kemur ekki til greina að gefa eftir Krímskaga**

5

Alþingi**Óttast ringlureið vegna sólmyrkva**

6

Lögreglumál**Fyrirverandi kærasta sakbornings segist ítrekað hafa misst meðvitund eftir kyrkingartök hans****Annað efni frá RÚV****Velferðarmál****Hryggbrotnaði þegar hún fór út um glugga meðferðardeildar fyrir börn**



Matur

**Síðasta hveitikornið malað á Íslandi:
„Fæðuöryggi þjóðarinnar minnkar“**




Norðurland

**Sameina heilsugæslustöðvar í Fjalla-
byggð og á Dalvík**



Dómstólar

**Landsréttur staðfesti dóm yfir manni
sem stakk höfði fyrrverandi kærustu
í læk**



Innrás í Úkraínu

**Kemur ekki til greina að gefa eftir
Krímskaga**



Peningar

**Fyrirkomulag frestunar á lífeyris-
greiðslum tekur breytingum**



Grænland

**Sjálfstæðisbarátta Grænlandinga
samofin tónlistarsögunni**



Alpingi

Óttast ringlureið vegna sólmyrkva



Lögreglumál

Fyrirverandi kærasta sakbornings segist ítrekað hafa misst meðvitund eftir kyrkingartök hans

RÚV

Fréttir
Framleiðsla og efni

Um RÚV
Aðgengi

Efstaleiti 1
103 Reykjavík
Sími: 515-3000
frá kl. 8.30 – 14.00

Innlendar fréttir

Auglýsingar

Erlendar fréttir

Dánarfregnir

Menning og dægurmál

Fréttir af RÚV

Íþróttir

Stefna og starfsemi

Hafa samband

RÚV öpp fyrir snjalltæki

Auðskilið

Safn RÚV

RÚV English

Skil á efni til RÚV

RÚV Polski

About RÚV

Hlaðvarp

RÚV Archive

Um Ríkisútvarpið

Dreifikerfi RÚV

Mannauður


Persónuvernd

Vefkökustillingar

Rannsókn á Konukoti sýnir afleitar aðstæður

Velferð

1. mar 2023 [María Pétursdóttir](#)



Kolbrún Kolbeinsdóttir kynjafræðingur birti MA ritgerðin sína „Eini staðurinn í samfélaginu þar sem ekki er horft niður á þig“: Reynsla kvenna af Konukoti. Hún mætti í Rauða borðið þann 28. febrúar þar sem hún sagði frá niðurstöðum sínum.

Í rannsókninni skoðar Kolbrún aðstæður í neyðarskýli kvenna við Eskihlíð, en þar hefur lítt rannsakaður hópur átt reglulega viðveru. Kolbrún segir markmiðið vera að vekja athygli á félagslegu misrétti sem hópurinn verður fyrir og draga þannig úr jaðarsetningu hans. Í rannsókninni tekur hún út

aðstæðurnar og ber þær saman við aðstæður í neyðarskýlum fyrir karla en rannsóknin er eigindleg og byggir á átta viðtölum við konur í Konukoti og fimm viðtölum við forstöðumanneskjur og rekstraraðila í málaflokki heimilisláusra.

Niðurstöður Kolbrúnar leiða í ljós að konur sem glíma við heimilisleysi eiga margháttaða ofbeldis- og áfallasögu að baki. Þær glíma við fjölbreyttan heilsufarsvanda en uppeldisaðstæður hafa einkennst af alvarlegri vanrækslu forráðamanna og sinnuleysi samfélagsins gagnvart aðstæðum þeirra og kjörum.

Konurnar hafa allar orðið fyrir kynferðisofbeldi og eru berskjaldaðar fyrir enn meira ofbeldi í gegnum lífsbaráttuna sem þær há daglega. Auk heimilisleysis glíma þær flestar við fíkn, andlegar áskoranir, líkamleg veikindi og útilokun frá fjölskyldu en fá ekki þjónustu í samræmi við ofbeldis- og áfallasögu sína. Konukot er í óviðunandi húsnæði sem útvistað er til Rótarinnar. Hugmyndafræði skaðaminnkunar og áfalla- og kynjamiðuð nálgun er viðhöfð og upplifa konurnar að staðurinn sé eini staðurinn sem þeim sé mætt á þeim punkti sem þær eru á þá og þegar. Hins vegar hamlar húsnæðið og aðstaðan í Konukoti því að hægt sé að vinna eftir hugmyndafræði og nálgun sem lagt er upp með.

Það vekur athygli að á meðan á heimsfaraldrinum stóð var leigt hótél fyrir konurnar sem þá voru í Konukoti þar sem aðstæður voru mun betri. Klósett og baðaðstaða var privat auk einstaklingsherbergja svo konur fengu það næði sem þær þurftu. Í kjölfarið voru þeim einnig veitt varanleg búsetuúrræði. Þær konur hafa ekki þurft að snúa aftur í konukot.

Sjá má viðtalið við Kolbrúnu hér á hleknum:

<https://samstodin.is/show/dyrtid-kolefnabinding-konukot-og-kina/>

Við þurfum á þér að halda

Þú getur tekið þátt í að byggja upp öflugum fjölmiðli.

Samstöðin er í eigu lesenda, áhorfenda og áheyrenda. Með því að gerast áskrifandi getur þú orðið félagi í Alþýðufélaginu og þar með eigandi að Samstöðinni.

Áskrifendur borga fyrir það efni sem þeir nota en tryggja í leiðinni að aðrir geti notið þess. Þetta er því ekki eigingjörn áskrift heldur rausnarleg og samfélagslega ábyrg.

Samstöðin byrjaði sem umræðuþættir á Facebook en er nú orðinn að fréttavef, útvarps- og hlaðvarpsþáttum, skoðanapistlum og sjónvarpsdagskrá.

Við trúum að Samstöðin skipti máli fyrir samfélagið, að það sé þörf fyrir róttæka umræðu um málefni sem snerta fólk út frá sjónarhóli og hagsmunum almennings.

Ef þú ert sama sinnis skaltu endilega gerast áskrifandi að Samstöðinni og þar með einn af eigendum hennar.

Þitt framlag skiptir máli.

Ég vil styrkja Samstöðina →

Deila →

↻


Velferð



Prestur segir tíma afmennsku runna upp

Velferð


„Nú lifum við tíma opinberrar afmennskunar. Það má bara nauðraka menn, svínbeygja þá, auðmýkja opinberlega og útvísta svo pyntingaiðnaðinum gegn ...



Því þegir þú nú Inga Sæland?

Stjórnmal


Kona sem er öryrki hringdi til mín. Hún hafði horft á þátt sem ég stýrði og var á dagskrá í ...



Börn sofi í fangelsum en þingmenn búi við lúxus

Velferð

Guðmundur Brynjólfsson djákni, skáld og rithöfundur bendir á að ekki sé sama Jón og séra Jón þegar kemur að því ...




Allt brjálað í Hafnarfirði vegna umhverfisvænna fyrirætla

Velferð

Umsagnartími um tilraunaverkefni Carbfix, að koma mengandi efnum fyrir í jörð og uppræta þau í Hafnarfirði rann út í gær. ...

Nýjustu fréttir



Kveðjur Ingu einar og sér bjargi engum börnum

Stjórnmal

Félagið Ísland-Palestína segir vegna orða Ingu Sæland ráðherra í ríkisstjórn Íslands að hún sendi börnunum á Gaza ást og kærleika, ...

→

Undirskrift Davíðs dularfyllri en Höllu

Samfélagið


Morgunblaðið hefur nú tvo daga í röð gert að fréttacfní að forseti Íslands, Hallla Tómasdóttir, skrifi undir skjöl sem Halla ...

→

Nefnd Alþingis skoði vinnubrögð lögreglu

Samfélagið

Blaðamannafélag Íslands hefur sent bréf til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis þess efnis að ákveði nefndin að taka fyrir mál í ...



Póknun til fasteignasala úr sögunni?

Samfélagið

Stafrænar breytingar og nýir möguleikar sem komið hafa fram gætu leitt til þess að fólk kaupi í stórum stíl og ...

[Allar fréttir](#)

Reykjavíkurborg,
skipulagsfulltrúi,
b.t. Sigríðar Maack.



Reykjavík 21. mars 2025.

Efni: Grenndarkynning - Leyfi fyrir Konukot í Ármúla 34, 108 Reykjavík.

Vísað er til bréfs frá skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar dagsettu 20. febrúar s.l. þar sem lögð var fram tillaga um að innrétta nýtt Konukot að Ármúla 34, sem er búsetuúrræði fyrir heimilislausar konur (útigangskonur).

Fyrir hönd Sameindar (kt. 660402-6750), sem er stærsti leigjandi að Ármúla 32 er þessum áformum mótmælt harðlega. Sameind rannsóknarstofa er með langtímaleigusamning við Krosshólma ehf. (kt. 600815-1560) sem er eigandi að Ármúli 32 og hefur lagt í miklar og flóknar breytingar á því húsnæði til að uppfylla þarfir leigutaka. Bent skal á að Sameind var á sínum tíma með aðstöðu í Domus Medica við Egilsgötu 3 í Reykjavík. Í næsta nágrenni við Domus Medica var talsvert um ógæfufólk í neyslu sem kom inn í húsnæði Domus Medica til að nýta sér salernin þar og mátti oft sjá nálar á gólfum og blóð ásamt saur á veggjum salerna. Þegar starfsfólk kom á morgnanna í vinnu voru gjarnan töl til eiturfjaneyslu við starfsmannainnganginn. Þjófnaður var jafnframt viðvarðandi í Domus Medica og var starfsfólki Sameindar oft sýnd ógnandi hegðun af heimilislausu fólki og var lögregla oft kölluð til að fjarlægja þessa einstaklinga. Mikil óánægja var með þetta ástand á meðal rekstraraðila og starfsfólks Domus Medica og var þetta ein af helstu ástæðum þess að læknafluttu starfsemi sína úr Domus Medica á sínum tíma.

Ekki fer saman að hafa fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu, þar sem lasburða sjúklingar leita sér lækninga, í næsta húsi við neyðarskýli/neyslurými fyrir heimilislausar konur sem eru í mörgum tilfellum langt leiddir fíkniefnaneytendur, áfengissjúklingar eða einstaklingar með alvarlega geðsjúkdóma. Margar þeirra eru einnig búnar að afplána fangelisdóm. Einnig er rétt að benda á að einungis eru rétt rúm 10 metrar á milli inngangs

inn í biðstofu Sameindar að Ármúla 32 og fyrirhugaðs inngangs í Konukot að Ármúla 34. Þess má jafnframt geta að um 150 – 200 einstaklingar leita sér heilbrigðisþjónustu hjá Sameind, í Ármúla 32, á degi hverjum.

Starfsleyfi Sameindar sem gefið er út af Heilbrigðisráðuneyti tekur mið að því að gott aðgengi sé að rannsóknarstofunni og að aðgengi fatlaðra sé tryggt og engin truflun sé á aðgengi. Með því að hafa starfsemi Konukots í næsta húsi er starfsemi Sameindar sett í uppnám þar sem búast má við miklu ónæði frá Konukoti og eins gætu þessir einstaklingar ráfað inn á biðstofu Sameindar í leit að spíra (alkóhóli), en bent skal á að á rannsóknarstofum er unnið með margar tegundir af lífrænum leysiefnum sem geta verið mikið aðdráttarafl fyrir fíkniefnaneytendur. Einnig er vakin athygli á því að bráðabirgða leikskóli er starfandi í Ármúla 30, þar sem fjöldi barna stundar nám og ekki þykir eðlilegt að hafa Konukot í þeirra nærumhverfi og þar með skapa hættu á að börn komist í snertingu við fíkniefni. Starfsemi Konukots hefur ígildi á við neyslurými með skaðaminnkunaraðferðum. Dæmi eru um að einstaklingar ráfi inn á salerni í þeirra nærumhverfi og sprauti sig þar með fíkniefnum.

Ármúlinn er skilgreindur sem verslunar- og skrifstofuhúsnæði fyrst og fremst. Árið 2021 voru samþykktir aðaluppdrættir frá Jóni M. Halldórssyni þar sem sótt var um breytingu á rekstri húsnæðis á 2. og 3. hæð að Ármúla 34, þar sem áður var dagvistun aldraða var breytt í gististað í flokki II. Gististað án veitinga, tegund b. stærra gistiheimili sbr. ákvæði í aðaluppdrætti.

Í lýsingu á starfsemi Konukots kemur fram að í Konukoti er grunnþörfum kvenna sem þangað leita sinnt hvað varðar húsnæði, hreinlæti og mat. Fram kemur einnig að neyðarskýlið verði opið frá kl. 17.00 til kl. 10:00 næsta dag. Einnig kemur fram að starfsemin flokkist undir notkunarflokk 4, skv. byggingarreglugerð gr. 9.1.3 m d.

Í byggingarreglugerð nr. 112/2012 kemur eftirfarandi fram undir notkunarflokk 4 skv. byggingareglugerð 9.1.3.:

„Notkunarflokkur 4: Mannvirki eða rými þar sem gert er ráð fyrir að fólk gisti. Fólk sem er í mannvirkinu er ekki allt nægjanlega kunnungt umhverfinu til að þekkja flóttaleiðir en er almennt fært um að bjarga sér sjálf út úr mannvirkinu eða á öruggt svæði við eldsvoða.“

Í neðangreindri töflu nr. 9.01 úr byggingarreglugerð nr. 112/2012 er gert ráð fyrir því undir notkunarflokki 4 að einstaklingar geti bjargað sér ef til bruna kemur. Einstaklingar sem eru í mikilli neyslu geta ekki á nokkurn hátt bjargað sér úr brennandi húsi, hvað þá þegar húsnæðið er upp á 2. hæð fyrir Konukot og fyrir tímabundið húsnæðisúrræði á 3. hæð, eins og áætlun ber með sér að verði í Ármúla 34. Brunavarnir eru mikilvægar fyrir öryggi fólks og getur Reykjavíkurborg ekki á neinn hátt gefið undanþágu fyrir einstaklinga í þessari stöðu. Í neðangreindri töflu 9.01 (merkt með rauðu) er tekið fram að einstaklingar geti bjargað sér sjálfir ef til bruna kemur, en á því byggist leyfið. Það gefur hins vegar augaleið að þeir einstaklingar sem munu dvelja í Konukoti verða alls ekki færir um slíkt.

Tafla 9.01: Skipting mannvirkja í notkunarflokka.

Flokkur	Dæmi um notkun	Sofið	Þekkja flóttaleiðir	Geta bjargað sér
1	Mannvirki þar sem fólk starfar, s.s. allt almennt atvinnuhúsnæði, iðnaðarhúsnæði, lager, skrifstofur, bankar, smærri verslanir (< 150 m ²), skólar sem ekki flokkast undir flokk 2, 4 eða 5*, tilheyrandi bílgeymslur starfsmanna og byggingar fyrir dýr**. Sameiginlegar bílgeymslur fjölbýlishúsa.	Nei	Já	Já
2	Mannvirki þar sem gert er ráð fyrir að fólk geti safnast saman, s.s. fyrirlestrasalir, kirkjur, kvikmyndahús, leikhús, veitingastaðir, diskótek, íþróttasalir, vöruhús, stærri verslanir og verslunarmiðstöðvar, aðstaða fyrir dans, nám og frístundastarf og bílgeymslur aðrar en í notkunarflokki 1 eða 3.	Nei	Nei	Já
3	Mannvirki þar sem fólk býr, s.s. einbýlishús og fjölbýlishús***, frístundahús og einstök gistiherbergi, þ.m.t. heimagisting****.	Já	Já	Já
4	Mannvirki þar sem gisting er boðin, s.s. hótél og aðrir gististaðir, frístundahús til útleigu og skólar til útleigu og húsnæði þar sem boðin er tilfallandi gisting, þ.m.t. í skólum og vinnubúðum.	Já	Nei	Já
5	Mannvirki sem hýsir meðferðar- og legudeildir sjúkrahúsa, vöggustofur, íbúðir og stofnanir fyrir aldraða eða fatlaða, leikskólar og yngstu deildir grunnskóla (1. til 4. bekkur).	Já	Nei	Nei
6	Mannvirki sem hýsa fangelsi, lokaðar deildir á sjúkrahúsum, s.s. geðdeildir, og aðrir staðir þar sem menn eru lokaðir inni.	Já	Nei	Nei

* Almennir skólar og frístundaheimili falla undir notkunarflokk 1.

** Flokkunin miðast við starfsmenn í þessum húsum.

*** Stakar bílgeymslur, þ.e. fyrir einn notanda, teljast hluti einbýlis- og fjölbýlishúsa.

**** Ef gestafjöldi er yfir 10 manns telst húsnæðið í notkunarflokki 4.


Í MA ritgerð Lovísu Emilsdóttur í félagsráðgjöf til starfsréttinda á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands (nóvember 2017) má finna góða lýsingu á starfsemi Konukots. Í rannsókn hennar kom fram að flestar konur sem nýta sér úrræðið Konukot höfðu átt erfiða æsku, höfðu orðið fyrir áföllum í lífinu og margar þeirra ættu einnig við geðræn vandamál að stríða. Bakland kvennanna var lélegt og flestar þeirra neyttu áfengis- og/eða vímuefna. Í rannsókn sinni var m.a. kannað hvort starfandi félagsráðgjafar telji að Konukot og hugmyndafræði skaðaminnkunar (e. harm reduction) sem starfrækt er þar henti skjólstæðingum þeirra sem nýta sér úrræðið. Fram kom í niðurstöðum rannsóknar hennar að samkvæmt kenningum um skaðaminnkun sé ekki hægt að komast hjá misnotkun á áfengi og vímuefnum í samfélaginu. Einnig að skaðaminnkun væri þjónusta, inngrip og úrræði sem getur falið í sér ýmislegt t.d. sprautuherbergi, nálaskiptipjónustu, viðhaldsmeðferð og færanlega heilsuvernd. Það má því segja að Konukot sé einskonar ígildi geðdeildar þar sem fárveikum einstaklingum er sleppt út í nærumhverfið frá kl. 10-17 yfir daginn.

Eins og áður hefur komið fram þá er rekin heilbrigðistengd starfssemi í Ármúla 32. Viðskiptavinir okkar eru oft eldra fólk og fatlaðir einstaklingar sem gætu átt hættu á að vera truflaðir af fólki í neyslu í nágrenni Sameindar. Staðsetningu Konukots í Ármúla 34 er því mótmælt harðlega.

Starfsemi Konukots við hlið rannsóknarstofu þar sem einungis eru rétt rúmir tíu metrar á milli innganga þeirra er að öllu leyti óásættanleg og truflar starfsemi Sameindar mikið. Ef ekki verður farið í að finna starfsemi Konukots annan stað þá neyðist Sameind að flytja starfsemi sína annað og þá jafnframt mun Sameind krefja Reykjavíkurborg skaðabóta fyrir að heimila starfsemi Konukots við hlið Sameindar.

Sameind biðlar því til Reykjavíkurborgar að endurskoða þessi áform sín og finna Konukoti annan stað bæði út af brunavörnum auk þess sem heilbrigðistengd starfsemi getur á engan hátt verið staðsett í nærumhverfi Konukots.

Fyrir hönd Sameindar,



Anna Margrét Ólafsdóttir, lögfr. og persónuverndarfulltrúi Sameindar

Margrét Brynjólfsdóttir

Umsögn birt **24.03.2025**

Varðandi Ármúla 34

Góðan dag!

Við sem starfrækjum Smábitann Stekkholt ehf að Ármúla 34 viljum lýsa áhyggjum okkar af breytingu sem á að gera á atvinnuhúsnæði sem Ármúli 34 er, þ.e. allt húsið en samkvæmt kynningu frá Reykjavíkurborg er því nú breytt í íbúðarhúsnæði.

Starfrækja á þar Konukot .

Þar sem ég hef komið með fatnað og fleira og gefið í Konukot hef ég að sjálfsögðu tekið eftir umgengni kringum húsið sem er hræðileg.

Það er að sjálfsögðu á ábyrg Reykjavíkurborgar að koma þessari starfsemi fyrir inni atvinnu og íbúðarhverfi.

Ef truflun og óþægindi skapast við komu skjólstæðinga ykkar gagnvart rekstri Smábitans álitum við svo að Reykjavíkurborg bera alla ábyrgð á því.

Viðskiptavinir Smábitans er fólk úr nærliggjandi hverfi og fastir kúnnar lengra komnir að. Ef einhver truflun verður fyrir viðskiptavinum okkar munum við fara fram á skaðabætur frá Reykjavíkurborg.

Að sjálfsögðu eru skjólstæðingar ykkar velkomnir að versla en þar sem dyrum er lokað milli 10.00 og 17.00 á þjónustu við þá áskiljum við okkur rétt til þess að banna daglanga setu eða veru skjólstæðinga ykkar inni á staðnum enda ber aðstaðan ekki slíka þjónustu.

Þessi þjónusta ykkar varðar skjólstæðinga Reykjavíkurborgar og ætlumst við til að Reykjavíkurborg skilji ábyrgð sína og þjónusti skjólstæðinga sína á þann hátt að þeir valdi ekki annarri starfsemi á svæðinu óþægindum og skaða.

Með þökk

23. Mars 2025

Fyrir hönd Smábitans

Stekkholt ehf.

Guðrún Sólveig Pálmadóttir

Reykjavík 24. mars 2025

26. apríl 2021

Umsögn um fyrirhugaðan flutning Konukots í Ármúla 34.

Fyrir hönd móður minnar, eiganda eignar 0107 á 1. hæð við Ármúla 36, Sigríðar Valdimarsdóttur, geri ég athugasemd vegna flutnings Konukots í Ármúla 34. Starfsemi Konukots er vissulega mjög mikilvæg og nauðsynlegt að finna henni staðsetningu við hæfi. Eins og fram kemur af gögnum um málið er þetta áætluð tímabundin lausn og Ármúlinn ekki talin heppilegasta staðsetning starfseminnar en oft verða tímabundnar lausnir lengri en áformað er í fyrstu.

Athugasemdir okkar snúa aðallega að því að skjólstæðingar Konukots þurfi að fara þaðan út yfir hádaginn, á milli kl. 10:00 og 17:00. Reynslan af því úr Eskihlíðinni er sú að konurnar hanga gjarnan á næsta lausa bletti í nánasta nágrenni, sofandi, vímaðar, við neyslu og jafnvel ógnandi og öskrandi. Það er ekki ásættanlegt fyrir fyrirtækjarekendur í næstu húsum og er einnig bæði ómanneskuleg og niðurlægjandi framkoma við konurnar.

Fyrir hönd Sigríðar Valdimarsdóttur

[Redacted signature]

Ólöf Flygenring

[Redacted signature]

[Redacted signature]



Reykjavík, 27. mars 2025
USK25010277

Varðar: Ármúli 34 – Umsókn um byggingaleyfi / SM

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Bjarna Óskars Þorsteinssonar, dags. 24. janúar 2025, um leyfi til að innrétta Konukot, sem er tímabundið búsetuúrræði fyrir 6 skjólstæðinga á efri hæðum í húsi á lóð nr. 34 við Ármúla. Fram kemur í umsókn að neyðarskýlið verði opið frá kl. 17 á daginn fram til kl 10 næsta morgun.

Grenndarkynning byggingaleyfisumsóknar:

Tillagan var grenndarkynnt frá 25. febrúar 2025 til og með 25. mars 2025. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir / bréf:

1. Anna Margrét Ólafsdóttir, lögfr., f.h. Sameindar, dags. 21.03.2025,
2. Lagarök lögmannsstofa f.h. Krosshólma, eig. Ármúla 32, dags. 24.03.2025,
3. Ólöf Flygenring f.h. Sigríðar Valdimarsdóttur, dags. 24.03.2025,
4. Margrét Brynjólfssdóttir og Guðrún S. Pálmadóttir, dags. 24.03.2025.

Eftirfarandi eru efnislegar athugasemdir hvers og eins, og þar sem þær eru nokkuð samhljóma er þeim svarað í heild:

1. Anna Margrét Ólafsdóttir, lögfr., f.h. Sameindar.

Fyrir hönd fyrirtækisins Sameindar að Ármúla 32, sem rekur rannsókn- og sýnatökusetur, gerir lögfræðingur eftirfarandi athugasemdir við að heimilt verði að reka neyðarrými að Ármúla 34:

Í fyrsta lagi að starfsemi neyðarskýla fylgi oftast mikill sóðaskapur og ónæði sem fari ekki saman við þá heilbrigðisstarfsemi sem Sameind rekur, og jafnframt að starfsemi Sameindar, með þeim lífrænu leysiefnum sem henni fylgi, geti beinlínis verið aðdráttarafl fyrir fíkniefnaneytendur.

Í öðru lagi þá uppfylli starfsemi Konukots ekki skilyrði byggingareglugerðar hvað varðar gr. 9.1.3. um notkunarflokk 4, þar sem lögfræðingur telji að það gefi auga leið að skjólstæðingar Konukots geti ekki verið færir um að bjarga sér sjálfir í tilfelli af bruna.

Verði Konukoti ekki fundinn annar staður þá verði Sameind að flytja starfsemi sína annað.

2. Lagarök lögmannsstofa, f.h. Krosshólma, eiganda Ármúla 32

Ágúst Ólafsson, lögmaður hjá Lagarökum, f.h. umbjóðanda síns mótmælir með öllu að húsnæðið að Ármúla 34 verði notað fyrir slíkan rekstur því fyrirséð verði að það muni hafa slæmar afleiðingar fyrir rekstur og þjónustu sem til staðar er að Ármúla 34.

Ágúst vísar til fylgiskjals 1 um samsvarandi fyrirspurn vegna húsnæðis annars staðar og telur sömu rök eiga við hér um að húsnæðið að Ármúla 34 henti ekki slíkri starfsemi hvað varðar aðgengi hreyfihamlaðra og þeirri miklu uppbyggingu sem felst í framtíðarskipulagi svæðisins, sem og fylgiskjals 2 sem er viðtal við talskonu Rótarinnar, sem rekur Konukot sem segir að Ármúli sé ekki óskahúsnæði fyrir konurnar.



Einnig hefur Ágúst samhljóðandi athugasemd og fyrri athugasemdaraðili, um að starfsemin geti haft aðdráttarafl fyrir fólk í neyslu vegna þeirra efna sem Sameind notar og að starfsemin uppfylli ekki brunareglugerð.

3. Ólöf Flygenring, f.h. Sigríðar Valdimarsdóttur

Fyrir hönd móður sinnar gerir Ólöf þær athugasemdir aðallega að skjólstæðingar Konukots þurfi að fara þaðan út yfir hádaginn, milli kl 10 og 17. Við það hafast konurnar við í næsta nágrenni, ýmist sofandi, vímaðar eða í neyslu og jafnvel ógnandi og öskrandi. Það sé ekki ásættanlegt fyrir fyrirtækjarekstur í nágrenni og einnig ómanneskjuleg og niðurlægjandi framkoma við konurnar. Ármúlinn sé ekki heppilegasta staðsetning fyrir starfsemina og oft verði tímabundnar lausnir til lengri tíma en áformað er í fyrstu.

4. Margrét Brynjólfsdóttir og Guðrún S. Pálmadóttir

Rekstraraðilar Smábitans, að Ármúla 34, óttast truflun af starfseminni og sóðaskap. Gera rekstraraðilar kröfu um að Reykjavíkurborg skilji ábyrgð sína og þjónusti skjólstæðinga sína á þann hátt að þeir valdi ekki annarri starfsemi á svæðinu óþægindum og skaða. Munu rekstraraðilar fara fram á skaðabætur frá Reykjavíkurborg ef einhver truflun verður fyrir viðskiptavinum þeirra.

Svar:

Tekið er undir athugasemdir um að ákjósanlegast væri að neyðarúrræðið væri opið allan sólarhringinn, bæði fyrir skjólstæðinga þess og nágrenni. Hins vegar er þess konar úrræði ekki til staðar sem stendur.

Ármúlinn tilheyrir miðsvæði, M2. Skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er heimild þar fyrir úrræði sem þetta. Því eru ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Byggingafulltrúinn í Reykjavík yfirfer byggingaleyfisumsókn og staðreynir að hún sé í samræmi við byggingareglugerð.

Niðurstaða:

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík